**Nd.** **533. Frumvarp til laga**

um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

1. Afnotarétt af öllu óræktuðu landi jarðarinnar Ás í Garðahreppi.
2. Þann hlutann af óræktuðu landi jarðarinnar Hvaleyri í Hafnarfirði, sem ekki er þegar eign Hafnarfjarðarkaupstaðar.
3. Afnotarétt þess landsvæðis, sem takmarkast þannig: Að austan af veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, að norðan af Arnarneslæk og Arnarnesvogi, að vestan af beinni línu úr suðvesturhorni Arnarnesvogar yfir vesturhorn Engidals, að mörkum bæjarlands Hafnarfjarðar, og að sunnan af Hafnarfjarðarlandi. Undanskilið skal þó land nýbýlisins Langholts og land það milli Arnarnes- og Hraunsholtslækja, sem þegar er útskipt til bænda í Garðahreppi.
4. Jarðirnar Krísuvík og Stóra-Nýjahæ í Grindavíkurhreppi.

2. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram eftir 1.—3. tölulið 1. gr., skal rikissjóður selja eða leigja Hafnarfjarðarkaupstað þessi lönd jafnóðum, enda greiði kaup-

staðurinn skaðabætur til Garðahrepps fyrir þá tekjurýrnun, sem hreppurinn kann að verða fyrir vegna eignarnámsins. Ennfremur greiði kaupstaðurinn til einstakra manna skaðabætur fyrir rétt þeirra til landsins og mannvirkja á því, ef ríkissjóður selur kaupstaðnum landið, en ella greiði ríkissjóður þessar skaðabætur, ef landið verður leigt kaupstaðnum. Afnotarétt jarðanna, sem í 4. tölul. 1. gr. getur, skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað, þannig að hann fái þörf kaupstaðarins fyrir hita, ræktun og sumarbeit fullnægt, en Gullbringusýslu skal afhent lítt ræktanlegt beitiland jarðanna sem afréttarland fyrir sauðfé, hvorttveggja eftir því, sem staðhættir og landrými leyfa. Gera skal landamerki milli aðilja um leið og þeim er afhent landið.

Skaðabætur samkv. upphafi þessarar greinar, svo og bætur fyrir eignarnám jarðanna Krísuvíkur og Stóra-Nýjabæjar skulu metnar af gerðardómi þriggja manna. Búnaðarmálastjóri skal vera einn þeirra, annar skipaður af hæstarétti og hinn þriðji skipaður af atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjarðarkaupstaður kann að eignast eða fá á leigu á þennan hátt, er honum skylt að leigja bæjarmönnum, eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó er honum óheimilt að selja landið aftur.

4. gr.

Eftir því sem eignarnám þetta er framkvæmt að því er snertir 1.—3. tölulið 1. gr., og landið er afhent Hafnarfjarðarkaupstað, skal það lagt undir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og kaupstaðarsvæðið stækkað sem því nemur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.